

# Dalvegur 32 – áhrif á hljóðvist í umhverfi.

Höfundur: Ragnar Viðarsson [ragnar@hljodvist.is](mailto:ragnar@hljodvist.is)  
Rýni: Arnheiður Bjarnadóttir [arnheidur@hljodvist.is](mailto:arnheidur@hljodvist.is)  
Verknúmer: 2022-027  
Verkheiti: Dalvegur 32 – áhrif á hljóðvist í umhverfi.  
Verkkaupi: ÞG-Verk  
Tengiliður verkkaupa: Agnar Sigurjónsson [agnar@sjammi.is](mailto:agnar@sjammi.is)

# HLJÓÐVIST

RÁÐGJÖF & HÖNNUN



## Inngangur

Hljóðvist Ráðgjöf & Hönnun hefur verið fengið til þess að leggja mat á áhrif á hljóðvist í umhverfi vegna fyrirhugaðrar byggingar á lóðinni Dalvegur 32, 200 Kópavogur.

Í greinargerð um breytt skipulag „SMÁRINN. – VERSLUNAR, - OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI. VP 10 DALVEGUR 32 BREYTT DEILISKIPULAG. GREINARGERÐ. “, er tiltekið að eitt að markmiðum breytingarinnar sé:

*“Að bæta hljóðvist vegna aukinnar umferðar með mótvægisáðgerðum og má þar nefna lækkun umferðarhraða og hljóðveggi.*

*Þessi markmið eru í samræmi við markmið um þróunarsvæði í aðalskipulagi Kópavogs og í samræmi við stefnu Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins eins og hún birtist”*

Ennfremur er í kaflanum **Hljóðvist** í sama skjali tiltekið að

*“Í þeim hljóðvistarútreikningum sem unnir voru var miðað við heildarbreytingu á umferð á Dalvegi.*

*Samkvæmt útreikningum veldur fyrirhuguð uppbygging á Dalvegi því að hávaði verður í mörgum tilvikum minni en nú er í íbúðabyggð norðan Dalvegjar. Orsakast það fyrst og fremst af skermunarháhrifum fyrirhugaðrar byggðar á umferðarhávaða frá Reykjanesbraut. Sjá nánar umfjöllun Mannvits.”*

### 1.1. Forsendur

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði eiga að uppfylla að lágmarki viðmið sem tiltekin eru í Byggingarreglugerð 112/2012 og hljóðvistarstaðlinum ÍST45. Þeir flokkar sem á að uppfylla eru sýndir í töflu hér fyrir neðan

Tafla 1 – Skýring á viðmiðum sem gilda fyrir skrifstofu- og verslunarbyggingar. Grænt þarf að uppfylla. Rautt þarf ekki að uppfylla

| Viðmið sem skal uppfylla:                                           | Utandyra | Innandyra |
|---------------------------------------------------------------------|----------|-----------|
| Lofthljóðeinangrun                                                  |          |           |
| Högghljóðeinangrun                                                  |          |           |
| Ómtími                                                              |          |           |
| Hljóðstig innanhúss frá tæknibúnaði                                 |          |           |
| Hljóðstig innanhúss frá umferð                                      |          |           |
| Hljóðstig innanhúss frá öðrum hljóðgjöfum utanhúss                  |          |           |
| Hljóðstig á útisvæðum vegna umferðar                                |          |           |
| Hljóðstig á útisvæðum frá tæknibúnaði bygginga og öðrum hljóðgjöfum |          |           |

Einnig eru ákvæði í reglugerð um hávaða nr. 724/2008, en þau bæta engu við það sem upptalið er nú þegar.

Í reglugerð um hávaða er tiltekið að atvinnustarfsemi skuli ekki hljóðmenga út frá sér til nálægrar íbúðabyggðar, en áform um atvinnustarfsemi í byggingunni eru ekki þess eðlis að hætta sé á það raungerist.

Ekkert í uppbyggingaráformum er því á skjön við ákvæði regluverks á Íslandi í dag.



## 1.2. Áhrif á umhverfi vegna umferðar

Til þess að áhrif á hljóðvist vegna aukningar á umferð séu merkjanleg í umhverfi þarf

- Umferðarmagn að tvöfaldast umfram það sem það er í dag
- Umferðarhraði að aukast verulega umfram það sem hann er í dag.

Samkvæmt hljóðskýrslu Mannvit sem vísað er í í deiliskipulagsgreinargerð, eru ekki nein óhagstæð áhrif á hljóðvist í umhverfinu vegna aukinnar umferðar.

## 1.3. Önnur áhrif á hljóðvist í umhverfi

Samkvæmt byggingaráformum er form bygginganna, staðsetning þeirra innan lóðar og hæð þeirra þannig að óhagstæð áhrif á hljóðvist eru metin óveruleg.

Ekki hægt að ætla að endurkast á hljóði frá byggingum við Dalveg 32, vegna umferðar á Dalvegi, muni hafa áhrif til hækkunar á hljóðstigi við nærliggjandi íbúðarhús. Endurvarpið ætti að verða óverulegt og ekki mælanlegt.

Hverfið sem stendur norðan Dalveggar mun að mati undirritaðs einnig hljóta skermun frá hljóði sem berst frá Reykjanesbraut og Breiðholtsbraut, ef byggingaráform ná fram að ganga, og verður það að teljast til mjög hagstæðrar breytingar á hljóðvist í umhverfinu.

Þetta á sér í lagi við göturnar Skógarhjalla og Trönuhjalla sem í dag hafa litla skermun frá Reykjanesbrautinni.

Eðli áætlaðrar starfsemi á neðstu hæðum húsanna er ekki í flokki hávaðasamra vinnustaða. Áhrif vegna hávaða frá áætlaðri atvinnustarfsemi þess vegna þannig að ekki er að vænta truflunar eða óhagstæðra áhrifa á hljóðstig í umhverfinu.



## 2 Samantekt

Farið var yfir hvernig áætlanir um hljóðvist birtast í greinargerð um breytt skipulag á lóðinni Dalvegur 32. Mótvægisaðgerðir vegna aukinnar umferðar eru taldar upp og nefndar eru aðgerðir eins og lækkun á umferðarhraða og hljóðveggir.

Í hljóðskýrslu Mannvit, sem vísað er í í greinargerðinni, er tiltekið að aukning í umferðarmagni muni ekki hafa áhrif á hljóðvist í nágrenninu. Út frá því má draga þá ályktun að hljóðveggir séu ekki lausn sem bætir hljóðvist í Hjalla-hverfinu umfram það sem er í dag.

Byggingaráform ÞG-Verk á lóðinni Dalvegur 32, munu hinsvegar veita skjól frá hljóði sem berst í norður frá Reykjanesbrautinni og Breiðholtsbrautinni. Hæð húsa og lögun ætti að hafa góð áhrif til skermunar á byggð norðan megin sem ekki nýtur skjóls í dag.

Áætluð atvinnurými á neðstu hæðum munu verða þess eðlis að ekki verði um óhagstæð áhrif á hljóðvist í umhverfi af þeirra völdum.

Byggingaráform ÞG-Verk við Dalveg 32 munu að mati undirritaðs hafa jákvæð áhrif á hljóðvist í umhverfinu. Sér í lagi á þetta við um skermun á umferðarhávaða frá Reykjanesbraut og Breiðholtsbraut við Skógarhjalla og Trönuhjalla.

Virðingarfyllt,

Ragnar Viðarsson - Hljóðverkfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 21.08.2026